



## Skólastjóra vantar við Grenivíkurskóla

- Hugur hönd og heimabyggð -

Grýtubakkahreppur auglýsir eftir skólastjóra við Grenivíkurskóla frá 1. ágúst 2021. Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Við leitum að kraftmiklum og drífandi einstaklingi sem vill lifa og starfa í fámennu en góðu samfélagi. Hefur brennandi áhuga á skólaþróun og framsækni í skólastarfinu, ávallt með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð;

- Stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri skólans, starfsmannahaldi og áætlanagerð í samráði við sveitarstjóra sem er næsti yfirmaður.
- Veita faglega forystu og leiða hóp starfsmanna í samræmi við skólastefnu hreppsins og aðalnámskrá grunnskóla.
- Vinna eftir gildum skólans og samfélagsins, þróa þau gildi áfram og stuðla að jákvæðri framþróun í skólastarfinu í sterkum tengslum við foreldra og íbúa sveitarfélagsins.

Kröfur og óskir um menntun og hæfni;

- Leyfisbréf kennara, framhaldsmenntun í stjórnun kostur.
- Reynsla af kennslu, reynsla af skólastjórnun kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, leiðtogaþæfni og framsækni í starfi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfileikar.

Umsóknir ásamt skírteinum, ferilskrá og öðrum fylgigögnum sendist til sveitarstjóra Grýtubakkahrepps sem veitir nánari upplýsingar. Netfang: [sveitarstjori@grenivik.is](mailto:sveitarstjori@grenivik.is)

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2021.

*Í Grýtubakkahreppi búa um 370 íbúar, þar af um 300 á Grenivík. Í Grenivíkurskóla eru rúmlega 50 nemendur í 1. til 10. bekk. Grenivík er lítið en fallegt þorp og í hreppnum ríkir samheldinn og góður andi með bjartsýni á framtíðina.*



**GRÝTUBAKKAHREPPUR**

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400  
[www.grenivik.is](http://www.grenivik.is)